

- c. lögaðilinn starfrækir kapalkefni fyrir sjónvarp sem hefur verið byggt í skjóli sérréttinda eða einkaleyfis á sama svæði.
Reglugerðin gildir ekki fyrir breiðbandsnet.
Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að farið sé eftir ákvæðum 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 59. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti og með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 1999/64/EB frá 23. júní 1999 um breytingu á tilskipun 90/388/EEC til þess að tryggja að fjarskiptanet og kapalkefni fyrir sjónvarp í eigu eins rekstraraðila séu aðskildir lögaðilar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. nóvember 2000.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Laufáss í Grýtubakkahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Grýtubakkahrepps þann 18. september 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir Laufás í Grýtubakkahreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grenivík, 27. nóvember 2000.

F.h. sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps,

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001, Helgafell 4.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. nóvember 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001 frá 5. febrúar 1982.

Breytingin varðar landnotkun lóðarinnar Helgafell 4 sem breytist úr blandaðri starfsemi verslunar og iðnaðar í íbúðabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgangi erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 24. nóvember 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.